

Eftirlitsverkefni - Fæliefni

Dagsetning	15. september 2020
Fyrirtæki	Lyfjaval ehf. Mjódd
Heimilisfang	Álfabakka 14a, 109 Reykjavík
Kennitala	450303-2240
Starfsemi	Lyfjaverslun
Eftirlitsstaður	Álfabakka 14a, 109 Reykjavík
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Puríður Erla Sigurgeirsdóttir
Fulltrúi UST	Hafdís Inga Ingvarsdóttir
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Puríður Erla Sigurgeirsdóttir erla@lyfjaval.is

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með sæfivörum hjá Lyfjaval Mjódd þann 15.9.2020. Skoðað var hvort að fæliefni sem innihalda virku efnin DEET og/eða etýlbútýlasetýlamínóprópríónat væru á markaði án markaðsleyfis. Fjórar vörur fundust sem falla undir umfang eftirlitsins og reyndust þrjár þeirra vera með markaðsleyfi en ein ekki þurfa markaðsleyfi eins og er.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í kynningarbréf stofnunarinnar, dags. 15.9.2020, þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með sæfivörum á markaði í vöruflokki 19, með áherslu á fæliefni gegn skordýrum, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur. Markmið þessa eftirlits er að skoða hvort að fæliefni sem innihalda virku efnin DEET (cas nr. 134-62-3) og/eða etýlbútýlasetýlamínóprópríónat (cas nr. 52304-36-6) séu á markaði og hvort að þau séu með markaðsleyfi.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtaldar vörur, sem falla undir umfang eftirlitsins, voru skoðaðar:

Vara	Strikamerki
Mygga Spray 50% DEET	7029129720128
Mygga Roll-on	5709779000017
Mygga Spray	5411649141613
Moustidose Spray Répulsif Anti-Moustiques	3518646040481

Varan, Moustidose Spray Répulsif Anti-Moustiques, inniheldur virku efnin DEET og Eucalyptus citriodora oil, hydrated, cyclized (cas nr. 1245629-80-4). Fæliefni sem innihalda DEET þurfa

markaðsleyfi til að það megi bjóða þau fram á markaði nema að þau innhaldi annað virkt efni sem er enn í áhættumati til notkunar í sæfivörum. Þar sem Eucalyptus citriodora oil, hydrated, cyclized er enn í áhættumati til notkunar í sæfivörum í vöruflokki 19 má bjóða vöruna fram á markaði án markaðsleyfis. Vörunar, Mygga Spray 50% DEET, Mygga Roll-on og Mygga Spray, innihalda virka efnið DEET og eru þær allar með markaðsleyfi á Íslandi. Vörunar uppfylla allar skilyrði 35. gr. efnalaga nr. 61/2013 og því eru engin frávík tilgreind.

ÁBENDINGAR

Þegar áhættumati fyrir virka efnið, Eucalyptus citriodora oil, hydrated, cyclized, verður lokið fyrir vöruflokk 19 mun varan, Moustidose Spray Répulsif Anti-Moustiques, þurfa markaðsleyfi til að það megi bjóða hana fram á markaði hér á landi.

Reykjavík, 21. september 2020

Hafdís Inga Ingvarsdóttir

Hafdís Inga Ingvarsdóttir